



Styrkás

Siðareglur samstæðu

Dags. 01.07.2025

1. Um siðareglur Styrkáss

Stjórn Styrkáss telur mikilvægt að starfsemi og viðskipti félagsins séu stunduð af heilindum og að orðspor hagaðila sem og okkar sé í heiðri haft. Stjórn félagsins telur einnig mikilvægt að í gildi séu siðareglur sem eru leiðbeinandi þegar kemur að því að gæta siðferðislegrar og samfélagslegrar ábyrgðar, bæði innan stjórnar, í félaginu, innan samstæðu og út á við. Siðareglurnar veita aðhald og auðvelda okkur að meta þau fjölbreyttu viðfangsefni sem mæta okkur í okkar daglegum störfum um leið og þær hjálpa okkur að taka réttar ákvarðanir. Reglur þessar eru leiðarvísir okkar á þeirri braut og er þeim ætlað að vera starfsfólki og aðilum sem starfa eða koma fram undir merkjum félagsins til stuðnings ef upp koma hagsmunaárekstrar eða siðferðileg álitamál sem taka þarf afstöðu til.

2. Gildissvið

Siðareglur þessar gilda um eftirfarandi aðila:

- Stjórn og undirnefndir stjórnar.
- Stjórnendur og allt starfsfólk innan samstæðu.
- Alla ofangreinda aðila í dótturfélögum innan samstæðu (þ.e. þau félög sem Styrkás eða dótturfélög fara með yfirráð yfir meira en 50% eignarhlut).

Siðareglurnar eru enn fremur hafðar til hliðsjónar við val á og endurnýjun samninga við verktaka, ráðgjafa, birgja, sérleyfishafa (licensing) og aðra samstarfsaðila samstæðunnar.

Það er á ábyrgð stjórnar og allra yfirmanna Styrkáss að hafa forgöngu um innleiðingu og eftirfylgni með siðareglunum og vera öðrum fyrirmyndir í þeim efnum og hverjum og einum sem undir siðareglurnar falla ber að fara eftir ákvæðum þeirra og tileinka sér í daglegum störfum sínum.

3. Markmið

Markmið siðareglna þessara er að tryggja að viðskipti félagsins séu stunduð af heilindum og að orðspor okkar og hagaðila okkar sé í heiðri haft. Þessu markmiði náum við með því að hvert og eitt okkar axli ábyrgð á því að heiðarleiki, sanngirni og virðing einkenni samskipti og störf okkar innan Styrkáss – sem og samskipti og störf okkar út á við.

Við insetjum okkur að þekkja, skilja og fara eftir hvers konar lögum, reglum, stefnum, starfsreglum og siðareglum sem gilda um störf okkar og við leitum okkur aðstoðar ef við teljum að okkur skorti nauðsynlegan skilning eða ef við teljum að lög eða siðareglur hafi verið brotin (sjá nánar ákvæði 15. gr.). Við ætlum að setja okkur mælanleg markmið í stefnumörkun félagsins, m.a. út frá því markmiði að minnka neikvæð áhrif og auka jákvæð áhrif félagsins á hagaðila og samfélagið. Við ætlum í því skyni að þekkja og mæla árangur einstakra stefna.

Það er á ábyrgð stjórnar og allra yfirmanna að hafa eftirlit með og bregðast við hvers konar ábendingum um atriði sem varða brot á lögum eða siðareglum þessum og koma slíkum málum í viðeigandi farveg (sjá nánar ákvæði 15. gr.).

4. Hagaðilar

Við leggjum áherslu á að allir hagaðilar okkar séu hafðir í fyrirrúmi við ritun og framkvæmd siðareglanna. Hagaðilar Styrkáss eru eftirfarandi:

 Viðskiptavinir þ.m.t. neytendur og neytendamarkaður Hluthafar Starfsmenn	 Samfélagið Umhverfið	 Kröfuhafar Eftirlitsaðilar Samstarfsaðilar og birgjar	 Fjölmiðlar Löggjafinn (Aðilar sem gæta hagsmuna annarra hagsmunaaðila)
---	---	--	---

Siðareglum þessum skal fylgt eftir og þær túlkaðar í samræmi við framangreind markmið félagsins og hagsmuni hagaðila þess eins og við á hverju sinni.

5. Sjálfbærni

Sjálfbærni er mikilvæg í allri starfsemi Styrkáss og við gerum ríkar kröfur til okkar sjálfra og birgja okkar þegar kemur að þeim málaflökki. Við höfum sett skýrar stefnur og markmið þar að lútandi. Við virðum mannréttindi í hvívetna og stefnum að því að eiga góð samskipti við þau samfélög sem starfsemi félagsins nær til og að hafa jákvæð áhrif á þau. Við förum ávallt að minnsta kosti að gildandi lögum hverju sinni varðandi umhverfismál, félagslega þætti og stjórnaðarhætti og heitum að hafa sem minnst neikvæð áhrif á umhverfi okkar. Við leggjum ríka áherslu á að sjálfbærni þeirra auðlinda sem félagið byggir starfsemi sína á sé tryggð til langs tíma. Af þessu tilefni höfum við sett stefnu um sjálfbærni.

6. Starfsfólk

Við heitum að virða hvers konar starfstengd réttindi starfsfólks okkar og starfsmannaleiga í samræmi við lögboðin réttindi launafólks og leggjum ríka áherslu á heilsu og öryggi starfsfólks með því að veita þeim gott starfsumhverfi, fræðslu, búnað og þjálfun. Við stuðlum að jafnrétti á vinnustað og erum málefnaleg og sanngjörn í öllum okkar samskiptum. Við líðum hvorki einelti né aðra áreitni. Af þessu tilefni höfum við sett mannauðsstefnu.

Hafi starfsfólk ástæðu til að ætla að ákvæði þessarar greinar eða einstakra stefna þar að lútandi hafi verið brotið eða að brot sé yfirvofandi, ber þeim að tilkynna um það í samræmi við ákvæði 15. greinar.

7. Heiðarleiki í viðskiptum

Við leggjum áherslu á fagmennsku, heiðarleika og sanngirni í viðskiptum og förum ávallt að lögum og reglum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og gerum ráð fyrir því sama af þeim sem Styrkás skiptir við. Við erum afdráttarlaus í því að iðka góða viðskiptahætti og þræðum ekki markalínur þess löglega eða siðferðislega rétta. Öll viðskipti Styrkáss eru framkvæmd á armslengdargrunni og við líðum aldrei mútur, spillingu, hagsmunaárekstra - né neins konar óviðeigandi fyrirgreiðslu – hvort heldur af okkar hálfu eða gagnvart okkur. Þá þiggjum við ekki né veitum gjafir eða hverskonar hlunnindi sem eru til þess fallin að draga úr trúverðugleika okkar eða Styrkáss eða eru til þess fallin að hafa áhrif á ákvarðanatöku eða dómgreind okkar við vinnslu mála, eða meginreglunnar um armslengdarviðskipti. Ef við erum í minnsta vafa um heimildir okkar til móttöku gjafa eða annars konar fyrirgreiðslna leitum við ávallt álits næsta yfirmanns okkar.

Öll viðskipti Styrkáss skulu tilgreind í reikningum fyrirtækisins í samræmi við viðurkenndar starfsreglur og háð endurskoðun. Styrkás á aðeins viðskipti við birgja og viðskiptavini sem félagið metur heiðvirða og tekur ekki þátt í neins konar ólögðum viðskiptum eða aðgerðum, s.s. peningabætti eða mútum. Af þessu tilefni höfum við sett stefnu gegn spillingar- og mútumálum og siðareglur birgja.

8. Hagsmunaárekstrar

Um hagsmunaárekstur er að ræða þegar persónulegir hagsmunir eða aðrir hagsmunir sem ekki eru starfstengdir, hafa áhrif eða geta virst hafa áhrif á starfstengdar ákvarðanir okkar. Einkahagsmunir okkar skulu ekki hafa áhrif á starfstengdar ákvarðanir. Við komum ekki að ákvörðunum sem við eða aðilar tengdir okkur kunna að hafa persónulegan hag af - né sinnum öðrum störfum eða stöðum sem skapað geta hagsmunaárekstur við félagið. Við tilkynnum næsta yfirmanni þegar slíkir hagsmunaárekstrar eru til staðar. Við áskiljum okkur rétt til að láta í ljósi afstöðu okkar til málefna sem hafa bein áhrif á félagið, starfsfólk þess, viðskiptavini eða hluthafa. Af þessu tilefni höfum við sett stefnu gegn spillingar- og mútumálum

9. Samkeppni

Við styðjum frjálsa samkeppni og heitum því að stunda sanngjarna og siðlega samkeppni í samræmi við gildandi löggjöf. Við komum ekki í veg fyrir að aðrir geti stundað löglega samkeppni heldur virðum samkeppnisreglur og samskipti. Samningar og aðrar aðgerðir sem draga úr samkeppni verða ekki liðin.

10. Arðsemi

Eitt af hlutverkum félagsins er að skila eigendum sínum ávöxtun á fjárfestingu sína í samræmi við ákvarðanir hluthafafunda og stjórnar hverju sinni. Arðsemi er jafnframt forsenda rekstursins og þar með þeirra starfa sem hjá félaginu hafa skapast. Við heitum því að vinna ötullega að því að skapa arðsemi í gegnum skilvirknan og hagkvæman rekstur, þar sem tillit er tekið til allra hagaðila.

11. Stjórnun áhættu

Virk áhættustýring er mikilvæg til að lágmarka líkur þess að ófyrirséðir atburðir geti haft neikvæð áhrif á starfsemi félagsins og umhverfi þess. Til að stjórna áhættum með faglegum og skilvirkum hætti hefur félagið sett áhættustefnu. Áhættustýring félagsins tekur til allra helstu flokka áhættu, svo sem á sviði fjárhags-, rekstrar-, hlítingar-, ímyndar-, gæða-, öryggis-, umhverfis- og loftslagsmála.

12. Varðveisla trúnaðarupplýsinga og persónuvernd

Hvers konar trúnaðar- og/eða persónuupplýsingar sem eru til eða verða til hjá Styrkási eru meðhöndlaðar af ýrtrustu varkárni og ávallt í takt við gildandi löggjöf og verklagsreglur hverju sinni. Við nýtum ekki trúnaðarupplýsingar til ávinnings, hvorki fyrir okkur sjálf né aðra. Við vitum að þagnarskylda helst þrátt fyrir starfslok. Upplýsingatækni og boðleiðir munum við nota á ábyrgan hátt. Af þessu tilefni höfum við sett okkur stefnur um persónuvernd og leiðbeiningar fyrir starfsmenn um tölvunotkun.

13. Vernd eigna og gagna

Eignir félagsins geta verið fjárhagslegar, efnislegar og óáþreifanlegar, t.a.m. fasteignir, tæki, sjóðir, hugbúnaður, verkkunnátta, hugverk, viðskiptaleyndarmál og gögn sem verða til í félaginu. Eignir og gögn félagsins og/eða sem verða til í rekstri félagsins eru verðmæt og þau munum við umgangast af virðingu og varðveita tryggilega. Við ráðstöfum eignum og gögnum aðeins í þágu félagsins en ekki til persónulegra nota eða hagsbóta. Sérstaklega skal gætt að meðferð rafrænna gagna og slík gögn meðhöndluð og varðveitt á ábyrgan og viðeigandi hátt, lögum samkvæmt. Við erum öll fulltrúar félagsins innan og utan vinnutíma, þar með talið á samfélagsmiðlum, og sýnum ekki af okkur neina þá hegðun sem skaðað getur eða rýrt vörumerki félagsins og önnur tengd vörumerki. Af þessu tilefni höfum við sett stefnur um persónuvernd, leiðbeiningar fyrir starfsmenn um tölvunotkun og samskiptastefnu.

14. Samskipti og upplýsingagjöf

Við sýnum hvert öðru virðingu og eigum hreinskilin samskipti við samstarfsfólk og alla hagaðila. Við viljum viðhafa opna og frjálsa miðlun upplýsinga um félagið að teknu tilliti til því umhverfi er fylgir skráðum félögum og þeirri formfestu í upplýsingagjöf er þar ríkir. Við erum staðráðin í að upplýsingagjöf Styrkás til hagaðila sé á hverjum tíma rétt, gagnorð og nákvæm. Við gætum jafnframt ávallt að heimild okkar til að tjá okkur fyrir hönd félagsins. Við leggjum að öðru leyti ríka áherslu á gegnsæi fyrir hagaðila okkar vegna stjórnarhátta félagsins. Samskipti við hagaðila eru okkur afar dýrmæt og leggjum við áherslu á að hlusta á sjónarmið þeirra og skoðanir á stefnu og starfsemi félagsins. Af þessu tilefni höfum við sett samskiptastefnu, sjálfbærnistefnu og árlega gefur stjórn út árs- og sjálfbærnisráðgjöf sem innifelur skýrslu stjórnar og stjórnarháttafyrirlýsingu.

15. Tilkynning um brot

Við erum staðráðin í því að láta óréttmæta viðskiptahætti aldrei viðgangast og það er skylda hvers og eins okkar að standa vörð um að hvorki eigi sér stað lögbrot, brot á siðareglum þessum eða brot á annars konar stefnum, reglum eða gildandi starfsháttum innan Styrkás.

Hafi starfsfólk rökstuddan grun um slík brot, ber þeim að gera viðvart með því að senda ábendingu, undir nafni eða nafnlaust, í gegnum vefslóðina <https://styrkas.tilkynna.is/> eða með því að leita til einhvers af eftirfarandi aðilum:

1. Forstöðumanns mannauðspjónustu Styrkáss.
2. Næsta yfirmanns.
3. Næsta yfirmanns þar fyrir ofan.
4. Forstjóra.
5. Formanns stjórnar ef um forstjóra er að ræða.
6. Varaformanns stjórnar ef um formann stjórnar er að ræða.

Allar ábendingar um brot verða teknar alvarlega og rannsakaðar. Forstöðumaður mannauðspjónustu Styrkáss hefur umsjón með þeim tilkynningum sem kunna að berast. Starfsfólki verður aldrei refsað, hvorki með beinum eða óbeinum hætti, ef það í góðri trú komi á framfæri ábendingu um rökstuddan grun um brot samkvæmt þessari grein og verður nafnleynd viðkomandi tryggð við meðhöndlun slíkra mála.

16. Viðurlög

Brot gegn siðareglum þessum geta varðað áminningu og jafnvel brottrekstur, í samræmi við viðeigandi vinnulöggjöf hverju sinni. Reglur þessar taka þegar gildi.

Stefna þessi skal vera kynnt starfsfólki innan samstæðu og gerð aðgengileg á innra vefsvæði félagsins og dótturfélaga þess. Hún skal endurskoðuð af stjórn á tveggja ára fresti.

Þannig samþykkt af stjórn Styrkáss þann 01.07.2025